

Sp. 591. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]

um mat á heimilisstörfum.

Flm.: Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir,
Guðmundur Ágústsson, Júlíus Sólmes, Ingi Björn Albertsson,
Óli P. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að fela Þjóðhagsstofnun að gera úttekt á verðmætagildi heimilisstarfa í þjóðfélaginu í heild og meta gildi þeirra með tilliti til þjóðartekna eins og þær eru reiknaðar í dag.

Greinargerð.

Hið opinbera hefur um langan tíma litið fram hjá efnahagsgildi heimilanna fyrir þjóðfélagið og þeir sem þessi störf stunda njóta ekki jafnstöðu hjá hinu opinbera á við þá þegna sem stunda störf á hinum almenna vinnumarkaði. Fram til þessa hafa þessi störf aðallega verið unnin af konum og hefur vanmatið því aðallega beinst að þeim sem heild. Ætla má af þeim sökum að litið sé á konur sem ódýrt og óæðra vinnuafl, en þar gæti ein skýringin verið á því hve konur eiga almennt erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum þrátt fyrir jafnréttislögin og yfirleitt stunda þær lægst launuðu störfin í þjóðfélaginu.

Seint verður hægt að meta til fjár ástvinasamband á heimilum og heimilismenningu sem stuðlar að kærleika, andlegri velsæld og þroska manna og skilar sér í betra mannlífi og betra þjóðfélagi. Sú aðferð, sem notuð er við útreikninga þjóðarframleiðslunnar, gerir ekki ráð fyrir þeirri vinnu sem innt er af hendi á heimilunum.

Þjóðarframleiðslan mælir hagsæld þjóðarinnar á mælikvarða markaðsbúskaparins fyrst og fremst. Þannig er undanskilin nær öll vinna sem framkvæmd er án þess að gjald komi fyrir og vega heimilisstörf þar þyngst á metunum. Þessi óverðlagða vinna liggur utan garðs í þjóðhagsreikningunum, þótt mönnum sé ljóst að þessar athafnir skipti miklu þegar meta skal hagsæld fólksins í landinu.

Gerð þjóðhagsreikninga hefur þann tilgang að meta árangur efnahagsstarfseminnar í landinu bæði á liðnum tíma og í öðrum löndum, en samkvæmt skilgreiningunni við þessa útreikninga er þáttur ólaunaðrar vinnu ekki talinn með efnahagsstarfseminni þó að mikilvægi þessara athafna sé óumdeilt meðal flestra hagfræðinga Vesturlanda.

Í nútímaþjóðfélagi, þar sem allt er metið til fjár og allt miðast við að þjóna þörfum markaðarins, er ekki nema eðlilegt að hin óverðlögðu heimilisstörf njóti lítillar virðingar. Sýrja má hvort þeir sem stunda heimilisstörf þurfi að mynda „þrýstihóp“ til þess að ná fram jafnstöðu gagnvart hinu opinbera á við útvinnandi þegna þjóðfélagsins. Það hlýtur að vera krafa jafnréttisþjóðfélagsins að hið opinbera sé ekki að mismuna þegnum sínum fjárhagslega eftir því hvort þeir kjósa að sinna störfum á heimilinu eða utan þess.